

# Aðgerðaáætlun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vegna COVID-19 faraldursins: Viðbót við aðgerðaráætlun

Hafnarfirði, 20. maí 2021

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti í apríl 2020 fyrstu aðgerðir til að bregðast við efnahagslegu áhrifum COVID-19 faraldursins á íbúa, félög og fyrirtæki, auk reksturs sveitarfélagsins sjálfs. Lögð var áhersla á að um fyrstu aðgerðir Hafnarfjarðarbæjar væri að ræða, sem ætlað var að tryggja rekstur bæjarfélagsins og koma til móts við atvinnulíf og íbúa sem þurfa að standa af sér afleiðingar faraldursins á afkomu sína. Aðgerðirnar miðuðu einnig að því að lágmarka þá niðursveiflu sem óhjákvæmileg væri og standa vörð um þjónustu bæjarfélagsins. Samstaða var í bæjarstjórn um áætlunina og hefur verið starfað í samræmi við hana með góðum árangri. Verður starfsfólki bæjarins seint fullþakkað það ómetanlega framlag að halda úti grunnþjónustu við erfiðar aðstæður, þar sem heilsa og velferð íbúa hefur verið sett í forgang.

Þótt vísbendingar séu um hægfara endurreisn ferðapjónustu hér á landi, þá sér ekki fyrir endann á COVID-19 faraldrinum á heimsvísu og efnahagslegum afleiðingum hans. Tímabundnar stuðningsaðgerðir stjórnvalda hafa unnið á móti vaxandi atvinnuleysi hér á landi og vegið á móti tekjumissi þeirra sem misst hafa atvinnu. Enn eru krefjandi verkefni á vettvangi sveitarfélaga við að halda uppi fullri þjónustu og framkvæmdastigi. Í framhaldi af fyrri aðgerðaráætlun leggur bæjarstjórn fram eftirfarandi áætlun sem ætlað er að styðja við íbúa og atvinnulíf í Hafnarfirði og að styrkja grunnstoðir bæjarins þar til efnahagslífið hefur náð fyrri styrk.

## 1. Tímabundin störf

Aukið fjármagn verður lagt í tímabundin störf á vegum bæjarins. Boðið verður upp á fleiri störf í vinnuskóla, auk myndarlegrar þátttöku í atvinnuáttaki stjórnvalda þar sem boðið er upp á sumarstörf fyrir námsmenn og tímabundin störf fyrir fólk í atvinnuleit.

Vinnuskóli: Metfjöldi umsókna eru í Vinnuskóla fyrir sumarið 2021 og eru þær þegar orðnar 1518 (17. maí) þrátt fyrir að umsóknarfrestur sé ekki liðinn, sem er meira en 200 fleiri en í fyrra. Stefnt er að því að ráða alla unglinga sem sækjast eftir vinnu hjá Vinnuskólanum auk 250 fullorðinna til þess að flokkstýra. Lagðar verða um 200 milljónir króna til þessa verkefnis.

Sumaráttak námsmanna: Hafnarfjörður hefur heimild Vinnumálastofnunar til þess að ráða allt að 81 námsmann vegna sumarátaks. Sendar hafa verið inn hugmyndir að sumarstörfum fyrir 71 námsmann í ýmis störf hjá bænum og verður heimildin fullnýtt með störfum hjá Vinnuskólanum. Lagðar verða um 15 milljónir króna til þessa verkefnis.

Hefjum störf: Komnar eru hugmyndir að 25 störfum í Hefjum störf, áttatíu fyrir fólk í atvinnuleit, og er stefnt að því að ráða í öll þau störf. Lagðar verða 35 milljónir króna til þessa verkefnis.

Samtals verða 250 milljónir króna lagðar í tímabundin störf á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

## 2. Framkvæmdaáætlun – áhersla á viðhaldsframkvæmdir og uppbyggingu innviða

Farið verður í fjölbreyttar framkvæmdir í bænum sem býður upp á ýmiskonar atvinnutækifæri. Þar má nefna:

- endurnýjun gangstétta í eldri hverfum bæjarins

- frágang gönguleiða, umferðaröryggismála og grassvæða á nýbyggingarsvæðum í Selhrauni, Skarðshlíð, Hellnahrauni, Skipalóni og á Völlum
- endurnýjun og viðhald á skólalóðum
- skipulagsvinnu og lagfæringu á stígum og rafmagni í Hellisgerði

Samtals verður 340 milljónum króna bætt við framangreindar viðhalds- og innviðaframkvæmdir á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

### **3. Menning, listir og skapandi greinar**

Samtals verður bætt við 5 milljónum króna til sérstakra menningarviðburða í Hafnarfirði sumarið 2021.